

## 48. fundur stjórnar Skálholts,

haldinn í Skálholtsskóla miðvikudaginn 16. september 2009 kl. 10:00.

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerðir síðasta fundar. Samþykkt.
2. Staða verkefna  
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu viðhaldsverkefna.  
Eftir er að vinna að viðhaldi Árneseingabúðar, sem ekki vannst tími til fyrir sumarannirnar. Sú vinna fer í gang í október. Þá er ólokið endurnýjun lagna í íbúðarhúsi bónda og er það á dagskrá haustsins.  
Drög að áætlun næsta árs verður lögð fram á næsta fundi stjórnarinnar.  
Formaður upplýsti um fyrirhugaða uppbyggingu Þorláksbúðar. Búið er að gera könnunarskurð í rústirnar og Fornleifavernd hefur gefið leyfi til að byggja upp búðina. Hugmyndin er að nýta húsið t.d. sem skrudhús við stærri athafnir og einnig sem upplýsingastofu fyrir ferðamenn.  
Gunnar Bjarnason smiður ætlar að gera tillögur að byggingu.  
Farið verður yfir fjármögnunarleiðir þegar tillögur liggja fyrir.
3. Fjármál  
Lagt fram yfirlit um stöðu fjármála 31. júlí 2009.  
Rætt um framsetningu og sundurliðun í yfirlitinu. Erfitt að bera saman tölur á milli ára þegar oft er verið að breyta uppsetningunni.  
Búast má við að innkaup fari eitthvað fram úr áætlun vegna mikilla verðhækkana á árinu.
4. Erindisbréf organista.  
Nokkrar orðalagsbreytingar voru gerðar. Organistinn hefur ekki gert athugasemdir við innihald erindisbréfsins.  
Ræddur var kostnaður vegna starfs organista. Hann þarf að vinna fjárhagsáætlun varðandi tónleikahald, nótnakaup o.þ.h. og leggja fyrir stjórnina til samþykktar.  
Þá þarf að skoða samning við nýjan kirkjukór.
5. Önnur mál.  
Rektor óskaði eftir heimild til að láta gera úttekt á flygli skólans en brýn þörf er orðin á viðgerðum á honum. Stjórnin samþykkir beiðnina og fer fram á að gerð verði kostnaðaráætlun vegna viðhaldsins.  
Rektor kynnti kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðrar sýningar „Endurreisn Skálholts“ sem Skúli Sæland er að vinna að.  
Beðið er eftir svari frá Rannís um styrkveitingu vegna verkefnisins.  
Þá hefur ekki borist svar frá Kynningar-fræðslu- og úgáfusjóði kirkjunnar um fjárstuðning.

Næsti fundur stjórnar verður 6. október n.k. kr. 10:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:55.

Hólmfríður Ingólfssdóttir